

## Sp. 939. Tillaga til þingsályktunar

um flutning hengibrúar frá Selfossi að Iðu.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún feli vegamálastjórninni athugun og rannsókn á því, hvort hengibrúin á Ölfusá sé hæf til notkunar á fyrirhuguðu Hvítárbrúarstæði hjá Iðu.

Skal athugunum þessum flýtt svo sem verða má og brúin endurreist hjá Iðu, ef hentugt þykir, þegar hin nýja Ölfusárbrú hjá Selfossi er fullgerð.

Kostnaður við rannsóknir þessar og flutning og endurbygging brúarinnar hjá Iðu greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Áður, er leitað hefur verið á Alþingi framlags til brúargerðar á Iðu, hafa hinar neikvæðu undirtektir öðrum þræði stafað af því, að ástæða hefur þótt til að biða og sjá, hvort eigi veittist bráðlega tækifæri til að hæla úr þessari viðurkenndu nauðsyn með flutningi hinnar gömlu Selfossbrúar að Iðu. — Svo sem alþjóð er kunnugt, hafa skemmdir þær, er urðu á Ölfusárbrúnni í öndverðum september s. l., komið máli þessu til hraðari framgangs en annars hefði mátt vænta. Er undirbúningur þegar hafinn til hinnar nýju brúargerðar á Selfossi, svo að kalla má, að hér eftir verði þar eigi tjaldað nema til einnar nætur, að því er not hinnar gömlu brúar snertir.

Ekkert mun komið fram, er mæli gegn þeim möguleikum, að gamla brúin verði nothæf á Iðu, en rannsókn, er leiði í ljós, hvað hægt sé í þessum efnum, er enn eigi fyrir hendi. Er tillaga þessi þess efnis, að þeirri rannsókn verði nú hraðað og endurbygging brúarinnar á Iðu framkvæmd, ef gerlegt reynist. Er litlum efa undirorpið, að þetta verði hægt, ef góður vilji er fyrir hendi, þar sem breidd á brúarstæðunum er svipuð og að sjálfsögðu nóg fagleg þekking og úrræði til úrbóta til þess, að allt falli í ljúfa löð. — Hvað styrkleika gömlu brúarinnar snertir, er nóg að minnast á það, að um þungavöruflutning og ániðslu Ölfusárbrúar og brúar hjá Iðu yrði mjög ólíku saman að jafna, þótt sízt sé það svo að skilja, að Iðubrúarinnar sé ekki full þörf. Nauðsyn hennar hefur áður verið rædd á Alþingi og því ekki vert að endurtaka þær málsástæður. Munu einsdæmi hér á landi, að svo fjölmenn og blómleg byggðarlög, sem þar eiga að að búa, verði jafnlengi að biða svo aðkallandi samgöngunauðsynja sem brúar hjá Iðu. Er í þessu sambandi rétt að geta þess, að um þessar mundir eru Alþingi að berast áskoranir frá kjósendum úr ýmsum sveitum Árnessýslu um framgang þessa máls, og á hinn almenni áhugi ekki sízt sína að rekja til þess, að oft getur farið svo, að lífið liggi við, er héraðslæknis skal vitjað yfir Hvítá úr 3 fjölbyggðum sveitum, er eiga læknissókn yfir ána, en hún þá stundum ófær að vetrarlagi, er mest liggur við.

Flutningur á gömlu Ölfusárbrúnni til annarra brúarstæða en hjá Iðu getur ekki komið til greina, ef brúin reynist þar nothæf, sem nú þarf að fá úr skorið, og síðan framkvæmdirnar.